

361. fundur Skólanefndar FS

9. nóvember 2022



Mættir: Bjarni Páll Tryggvason formaður, Ásrún Helga Kristinsdóttir, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Logi Þór Ágústsson áheyrnarfulltrúi nemenda, Guðlaug María Lewis áheyrnarfulltrúi foreldra og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Framtíðarsýn FS og stefnumörkun.
 2. Fjárveitingar.
 3. Sálfræðiþjónusta.
 4. Viðbragðsáætlanir.
 5. Önnur mál.

1. Framtíðarsýn FS og stefnumörkun.

Rætt um stefnumörkun og leiðarljós skólans til ársins 2028 sem skólanefnd gerði á sínum tíma. Starfsfólk skólans hefur unnið að framtíðarsýn til ársins 2026 sem nær einkum til kennslu og innra starfs. Í haust var gerð ytri úttekt á skólanum á vegum Menntamálastofnunar og eru niðurstöður væntanlegar. Ákveðið að ræða þessi mál nánar þegar niðurstöður úr ytra mati liggja fyrir.

2. Fjárveitingar.

Rætt um fjárveitingar til skólans fyrir árið 2023. Nemendaígildum skólans fækkar um 50 milli ára og er þá miðað við meðalnemendafjölda á þessari og síðustu önn. Það þýðir niðurskurð um 100 milljónir og því stefnir í að ekki verði hægt að taka við öllum nemendum næsta haust. Á sama tíma er fólki á svæðinu að fjölga og fleiri nemendur þurfa meiri þjónustu. Búið er að óska eftir leiðréttingu á þessu til ráðuneytis en svar hefur ekki borist. Skólanefnd samþykkir að senda erindi til þingmanna kjördæmisins til að vekja athygli á stöðu skólans og óska eftir stuðningi við að fá auknar fjárveitingar í samræmi við fjölgun nemenda.

3. Sálfræðiþjónusta.

Skólameistari ræddi um sálfræðiþjónustu sem ekki er í boði þessa önn. Undanfarin ár hefur skólinn verið með samning við fræðslusvið Reykjanesbæjar um þessa þjónustu en sviðið treysti sér ekki til að sjá um hana á þessari önn vegna anna og manneklu. Óskað var eftir því að HSS veitti þessa þjónustu og almenna heilbrigðisþjónustu fyrir nemendur en stofnunin taldi sig ekki geta orðið við því. Að sögn ráðuneytis fengu allar heilsugæslustöðvar fjármagn til að sinna framhaldsskólanemendum og HHS þar á meðal. Búið er að óska eftir skýringum á þessu hjá HSS en svör hafa ekki borist.

GU.

4. Viðbragðsáætlanir.

Skólameistari og formaður NFS sögðu frá vinnu við viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegu áreiti, kynbundinni áreiti og ofbeldi. Þar á að koma fram hvernig á að tilkynna ofbeldi og hvaða ferli fer þá í gang. Þar er miðað við að mál geti farið mismunandi leiðir miðað hvað hentar í hverju máli.

5. Önnur mál.

- a) Verið er að ræða við orkufyrirtæki um að koma upp hleðslustöðvum fyrir rafbíla við skólann.
- b) Um 60 nemendur stefna á útskrift í lok haustannar en útskrifað verður þriðjudaginn 20. desember kl. 14:00.
- c) Skólameistari minnti á að skólinn verður 50 ára árið 2026 og lagði til að fljótlega verði farið að skoða hvernig á að halda upp á afmælið. Rætt um málið og ákveðið að kanna hvernig hægt er að skipuleggja þá vinnu.
- d) Búið er að auglýsa eftir kennara í húsasmíði en Björn Sturlaugsson lætur af störfum um áramót. Einnig er ætlunin að auglýsa eftir sálfræðingi eða félagsráðgjafa.
- e) Rætt um mætingaskráningu og hvernig mætingar eru skráðar þegar nemendur eru fjarverandi vegna félagsstarfa eða slíks. Skólameistari sagði frá því að kennarar geta aðeins merkt fjarvist þegar nemandi er ekki í kennslustund. Skólinn skráir síðan hvort nemandinn var veikur eða fjarverandi af öðrum ástæðum. Mætingaeinkunn miðast við raunmætingu en nemandi getur látið taka fram af hverju hann var fjarverandi. Almennt rætt um viðveruskráningu, mætingaeinkunn o.fl.
- f) Logi Þór formaður NFS sagði frá starfsemi nemendafélagsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Bjarni Páll Tryggvason, formaður




Ásrún Helga Kristinsdóttir



Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir



Logi Þór Ágústsson



Kristján Ásmundsson, skólameistari



Halldór Rosmundur Guðjónsson



Gunnar Valdimarsson



Guðlaug María Lewis



Guðmann Kristþórsson, fundarritari